



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. október 2024

SFS24060058

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins launakostnað

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 10. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Hver var launakostnaður yfirstjórnar skóla- og frístundasviðs árið 2023 og hver voru meðallaunin? Hver var launakostnaður vegna fagstjóra skóla- og frístundasviðs í hverfum árið 2023 og hver voru meðallaunin? Hver var launakostnaður stjórnenda (leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri) borgarrekinnna leikskóla árið 2023 og hver voru meðallaunin?

Svar:

Launakostnaður yfirstjórnar skóla- og frístundasviðs (8 stöðugildi) árið 2023 var 168.644.165 kr., auk launatengdra gjalda að upphæð 42.161.041 kr. Meðalárslaun voru 21.080.521 kr.

Launakostnaður fagstjóra skóla- og frístundasviðs í hverfum (8 stöðugildi) var 127.805.192 kr. árið 2023, auk launatengdra gjalda að upphæð 31.951.297 kr. Meðalárslaun voru 15.975.649 kr.

Launakostnaður leikskólastjóra borgarrekinnna leikskóla Reykjavíkurborgar (72,43 stöðugildi) var 801.752.979 kr. árið 2023, auk launatengdra gjalda að upphæð 200.438.244 kr. Meðalárslaun voru 11.069.349 kr.

Launakostnaður aðstoðarleikskólastjóra borgarrekinnna leikskóla Reykjavíkurborgar (56,58 stöðugildi) var 503.261.921 kr. árið 2023, auk launatengdra gjalda að upphæð 125.815.480 kr. Meðalárslaun voru 8.894.696 kr.



Reykjavík